

Hönnun og smíði 2.-3. bekkur

Kennari: Katrín Waagfjörð

Almennt um kennsluna

Kennslustundafjöldi er 1 kennslustund á viku.

Námsaðlögun: Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávík er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir hönnun og smíði eru sett fram í eftirfarandi flokkum.

Menningarlausni

- Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Unnið einföld verkefni í hópi.
- Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt
- Gengið frá eftir vinnu sína
- Lagt mat á eigin verk

Handverk

- Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.

Hönnun og tækni

- Framkvæmt einfaldar samsetningar
- Dreigið eingaldar skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar

Umhverfi

- Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaða

Skipulag kennslunnar

Kennsluskipulag:

Farið yfir reglur smíðastofunnar og helstu hugtök er tengjast smíðavinnu. Nemendur fá ákveðin verkefni sem þau útfæra síðan að eigin óskum og eftir getu hvers og eins. Nemendur gera skissur af hugmyndum og fjallað er um ferlið frá hugmynd til afurðar. Farið er yfir verklag sem vinna þarf eftir og þau verkfæri sem notuð eru.

Einstaklingskennsla, sýnikennsla, hópkenndsla og samvinnunám (nem. hjálpa hver öðrum). Umræður um vernd umhverfisins og að allur efniviður er verðmætur. Nemendum kennt að nýta efniviðinn sem best. Mikið er unnið með afganga og það sem til fellur í smíðastofunni. Leitast er við að örva frumkvæði, sköpunargleði, ímyndunarafl, sjálfstæði og sjálfstraust nemenda við vinnu sína. Farið yfir líkamsbeitingu og hvernig best er að bera sig að við vinnu sína.

Tímabil	Viðfangsefni
Ágúst – Október	Bátar
Október - Nóvember	Hitaplattar úr við og perlum
Desember	Jólaskraut úr greinum og garni – jólatré og stjörnur
Janúar - Maí	Sprelli karlar

Námsmat

Hæfniviðmið samkvæmt aðalnámskrá eru metin jafnt og þétt yfir önnina. Þau safnast svo saman og mynda hæfnikort nemandans á Mentor